


Njálurefillinn

Kristín Ragna Gunnarsdóttir



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 13. febrúar 2024 kl. 20:00



„Mörður hét maður er kallaður var gígja ...“

Kristín Ragna Gunnarsdóttir hannaði og teiknaði Njálurefilinn en fyrsta saumsporið var tekið 2. febrúar 2013 og lokið var við að sauma hann 15. september 2020. Njálurefillinn er rúmlega 90 metra langur og byggist á Njáls sögu. Hann er saumaður með refilsaumi í anda hins fræga Bayeuxrefils. Hugmyndina að Njálureflinum áttu þær Christina Bengtsson og Gunnhildur Kristjánsdóttir og fjöldi manns tók þátt í að sauma hann á Hvolsvelli.



Kristín Ragna Gunnarsdóttir er sjálfstætt starfandi teiknari og rithöfundur. Hún útskrifaðist úr grafískri hönnun frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1992 og var gestanemi við málaradeild sama skóla. Hún lauk BA-prófi í bókmenntafræði og ritlist 2006 og MA-prófi í ritlist 2016 frá Háskóla Íslands. Kristín er höfundur fjórtán barnabóka og hefur myndlýst ótal bækur og prentgripi. Auk þess hefur Kristín hannað nokkrar sýningar, haldið einkasýningar á verkum sínum og tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hér á landi og erlendis. Verk Kristínar hafa verið tilnefnd til margskonar verðlauna og Kristín Ragna hefur hlotið *Dimmalimm* - Íslensku myndskreytiverðlaunin í tvígang.

Kristín Ragna hefur teiknað nokkra myndrefla; *Vatnsdælu á refli*, *Njálurefilinn* og *Landnámskvennarefilinn* sem gefinn var skosku þjóðinni. Kristín hannaði *Vatnsdælu á refli*, teiknaði hann að hluta og leiðbeindi 22 nemendum úr Listaháskóla Íslands við að myndlýsa hann. Jóhanna Pálmadóttir á heiðurinn að gerð þess refils sem er verið að sauma í Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi.

Priðjudagskvöld í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
það sem eftir lifir vetrar 2024

Priðjudaginn 20. febrúar kl. 20:00

Flautukvartettar Mozarts. **Freyr Sigurjónsson** flauta, **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Martin Frewer** víóla og **Pórdís Gerður Jónsdóttir** selló.

Priðjudaginn 27. febrúar kl. 20:00

Sigvaldi Kaldalóns. **Nína Margrét Grímsdóttir** píanó og **Gissur Páll Gissurarson** tenór. Dagskrá í tali og tónum.

Priðjudaginn 19. mars kl. 20:00

Frá Svartárkoti til Huldu á Skútustöðum, með viðkomu í Stafnsholti.
Viðar Hreinsson tengir saman alþjóðleg umhverfishugvísindi og þjóðleg fræði landsbyggðarinnar.

Priðjudaginn 26. mars kl. 20:00

Sólrún Bragadóttir sópran og **Jón Sigurðsson** píanó. Úrval sönglaga frá síðrómantíska tímanum.

Priðjudaginn 9. apríl kl. 20:00

Duo Landon: **Hlíf Sigurjónsdóttir** og **Martin Frewer**. Fiðludúettar, meðal annars *Þingeysku fiðlulögin* sem Páll H. Jónsson skráði og Martin útsetti.

Priðjudaginn 16. apríl kl. 20:00

Dr. **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari fjallar um dr. Pál Ísólfs-son orgelleikara og tónskáld.

Priðjudaginn 23. apríl kl. 20:00

Einleikstónleikar. Ítalski píanóleikarinn **Sebastiano Brusco** leikur verk eftir Mozart, Schubert og Chopin.

Priðjudaginn 14. maí kl. 20:00

Íslensk sönglög fyrr og síðar. **Jón Þorsteinsson** tenór og **Hrefna Eggertsdóttir** píanóleikari.

Viðburðirnir hefjast klukkan 20:00. Aðgangseyrir er 2000 kr. og eingöngu selt við innganginn. Breytingar, viðbætur og uppfærslur má sjá á vef safnsins

www.LSO.is